

FRÉTTABRÉF

TIL FORELDRA OG FORRÁÐAMANNA NEMENDA Í MH HAUSTÖNN 2010

KYNNINGARKVÖLD FYRIR FORRÁÐAMENN NÝNEMA

Ágætu foreldrar og forráðamenn. Nú er skólastarfið komið á fulla ferð hér í MH, við höfum fengið nasasjón af unglingunum ykkar og þeir eru að byrja að kynnast okkur. Nýnemar haustið 2010 koma okkur fyrir sjónir sem vel gert og skemmtilegt ungt fólk og við væntum mikils af þeim. Það má gera ráð fyrir að ýmislegt hafi komið þeim á óvart þessar fyrstu vikur. Allt er breytt frá því sem var sem er í senn áhugavert og ögrandi fyrir þau. Um leið og við kynnumst þeim kynnast þau okkur, sérvisku okkar og venjum. Þau kynnast smám saman menningunni hér, hvernig hlutirnir eru gerðir í MH, hverjar eru hinar skráðu og óskráðu reglur sem innvígðir virðast fylgja og þau eiga eftir að tileinka sér. Það er margt að læra og ekki endilega allt sem lærist í kennslustofunum. En það eru ekki bara þau sem eru að læra því það getur verið að þetta sé í fyrsta skipti sem þið hafið ekki svör á reiðum höndum þegar kemur að skólamálum. Þið getið ef til vill hjálpað þeim í dönsku eða stærðfræði en vitið ekki hvar Matgarður er eða hvaða reglur gilda þar. Og hvað er þá til ráða? Jú, fyrsta skrefið getur verið að mæta á kynningarkvöld fyrir foreldra og forráðamenn hér í MH fimmtudaginn 30. september.

Þetta kvöld gefst tækifæri til þess að sjá framan í og ræða við lífsleiknikennara, námsráðgjafa og stjórnendur. Þið getið skoðað skólann, kíkt á upplýsingatöflur og skjái, prófað sætin í kennslustofunum, kíkt á bókasafnið, í tölvur á Miðgarði og það er aldrei að vita nema sjáist í Miðgarðsorminn. Í þessu umhverfi hrærast unglingarnir ykkar stærstan hluta dagsins næstu þrjú til fjögur árin. Þó að mörgum unglingnum finnist ef til vill að nú sé hann orðinn svo stór að kominn sé tími til þess að þið séuð ekki að vasast í hans málum erum við ekki sammála því. Við teljum áríðandi, og rannsóknir hafa sýnt fram, á að áhugi og eftirfylgni foreldra / forráðamanna getur skipt sköpum fyrir námsgengi í framhaldsskóla. Það er því í anda upplýsinga og samvinnu sem við bjóðum ykkur velkomin á kynningarkvöldið. Að lokinni dagskrá verður boðið upp á kaffi og skólakórinn framreiðir meðlæti gegn vægu gjaldi en ágóðinn rennur í ferðasjóð kórsins.

Með von um að sjá ykkur sem flest,

Sigurborg Matthíasdóttir, konrektor

DAGSKRÁ KYNNINGARKVÖLDS
FIMMTUDAGINN 30. SEPTEMBER KL. 20:00 - 21:30

Á Miklagarði, hátíðarsal skólans

- Ávarp rektors, Lárusar H. Bjarnasonar
- Ávarp fulltrúa foreldraráðs
- Kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur
- Rektor kynnir lífsleiknikennara og vísar til stofu þar sem aðstandendur funda með þeim

Á Miðgarði eftir fund með lífsleiknikennurum

- Óformlegar umræður yfir kaffi og kökum sem kór skólans selur á vægu verði

Auk ræðumanna og lífsleiknikennara er þetta starfsfólk tilbúið til viðræðna yfir kaffinu

- Áshildur Arnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og forvarnafulltrúi
- Björg Kristjánsdóttir, námsráðgjafi og umsjónarmaður lífsleikni fyrir nýnema
- Gunnhildur Gunnarsdóttir, námsráðgjafi
- G. Pálmi Magnússon, áfangastjóri
- Sigríður Birna Bragadóttir, námsráðgjafi
- Sigurborg Matthíasdóttir, konrektor
- Guðmundur Arnlaugsson, staðgengill IB stallara
- Valgerður Garðarsdóttir, sérkennari og Þórey Torfadóttir, táknmálstúlkur

Bókasafn skólans verður opið og bókasafnsfræðingar bjóða fólki að líta inn

- Ásdís Hafstað forstöðumaður bókasafns

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Steingrímur Þórðarson, netfang: grimur@mh.is

Menntaskólinn við Hamrahlíð, 105 Reykjavík
Sími: 595 5200, símbréf: 595 5250
Heimasíða: www.mh.is - Netfang: mh@mh.is

AÐ TILHEYRA SAMFÉLAGI

Óhætt er að segja að nemendur skólans séu fjölbreyttur hópur enda eru sumir að hefja nám, aðrir við það að útskrifast og allt þar á milli. Þá eru rætur þeirra, skoðanir, kímnigáfa, klæðaburður og umgengnisvenjur hvert með sínu mótinu. Einn allsherjar suðupottur sem veitir dýrmæt tækifæri til samskipta og persónulegs þroska samhliða glímunni við stúdentsnámið. Að tilheyra slíku samfélagi er í senn gefandi og krefjandi. Kröfurnar eru margslungnar og finnast ekki endilega á einhverjum skrifuðum lista. Ofarlega í huga mér er það að sýna ábyrgð og tillitssemi sem vissulega skarast. Aldrei verður sú vísa of oft kveðin að farsælt samfélag byggir á gagnkvæmri tillitssemi okkar hvers við annað bæði í orðum og gerðum. Óafvitandi verða eldri nemendur að einhverju leyti fyrirmynd hinna yngri og þeim mun brýnna að þeir gangi sæmilega fram í hvívetna.

Skjöplist þeim í fyrirmyndarhlutverkinu verður að vona að tilsögn sé vel þegin með ásetningi um að gera betur næst. Mín reynsla er nefnilega að flestir unglingar vilji vel og ætli sér síst af öllu að misbjóða félögum sínum þótt þeir hafi stundum þörf fyrir að ögra foreldrum sínum, kennurum og öðrum fullorðnum. Sérstök skylda hvílir á herðum þeirra sem eru leiðandi í félagslífi skólans að gera það eftirsóknarvert á uppbyggilegan hátt. Verði hnökrar þar á kemur það í okkar hlut, sem störfum í skólanum, að umbera reynsluleysi og mistök unglinganna og reyna að vísa þeim veginn. Á sama hátt er brýnt að foreldrar nýnema átti sig á að félagslífið í MH hefur mörg andlit og óviðeigandi er að draga víðtækar ályktanir út frá stöku yfirsjónum sem þar kunna að eiga sér stað. Kannski er ég bara að hamra á tillitsseminni í stærra samhengi.

Með von um gott samstarf,
Lárus H. Bjarnason, rektor





GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR AF HEIMASÍÐU MH

Úr reglum um námsframvindu

- Nemandi skal ljúka 10 einingum hið minnsta á hverri önn nema um lokaönn sé að ræða.
- Nemandi sem fellur í áfanga hefur heimild til að sitja í áfanganum einu sinni aftur.
- Falli nemandinn öðru sinni er honum/henni skylt að ræða við áfangastjóra um möguleika þess að gangast undir lokaprófið þriðja sinni án setu í áfanganum.
- Nemandi sem fellur á önn telst aðeins hafa staðist þá áfanga sem lokið var með einkunn 7 eða hærri.

Um veikindi nemenda

- Ef veikindi vara í tvo daga eða lengur og eru vottuð af lækni telst aðeins helmingur viðkomandi fjarvistarstiga með til útreiknings á skólasóknareinkunn.
- Skilyrði er að læknisvottorði sé skilað á skrifstofu innan fimm skóladaga eftir að veikindum lýkur.
- Ef samanlögð veikindi á einni önn fara fram yfir 15 skóladaga ber nemanda að gera umsjónarkennara eða námsráðgjafa grein fyrir aðstæðum sínum.

BÓKASAFN MH



Á bókasafninu eru sæti fyrir 100 manns, bæði í hópvinnu og í lesbásum. Bókasafnið er opið alla kennsludaga frá kl. 8 – 18, en þó aðeins til kl. 16 á föstudögum. Í lok september lengist opnunar-tíminn á mánudögum og miðvikudögum til kl. 20. Á prófatíma er opið alla virka daga kl. 8 -18 og opið í 4- 5 tíma á laugardögum.

Bókasafn MH er staðsett á annarri hæð í nýbyggingu skólans í fallegu björtu húsnæði. Þar er að finna bækur og annað safnefni sem nýtist í námi og kennslu, en auk þess ýmislegt afþreyingarefni s.s. skáldsögur og tímarit. Nemendur eru ávallt velkomnir, hvort heldur til fá lánað lesefni, vinna að verkefnum einir, í hópum, eða í tölvum safnsins.

Allir nýnemar fá kennslu í notkun safnsins og leit að upplýsingum í bókasafnskerfinu og kynningu á gagnasöfnum í uphafi fyrstu annar. Einnig fara bókasafnsfræðingar í tíma hjá ýmsum kennurum þegar heimildaritgerðir og verkefni eru framundan og kynna nemendum leitarmöguleika m.a. í gagnasöfnum og á hvar.is sem henta í viðkomandi verkefni.

Á bókasafninu starfa tveir bókasafnsfræðingar, Ásdís H. Hafstað forstöðumaður og Dagný S. Jónsdóttir. Einnig starfa nokkrir nemendur skólans við afgreiðslu og uppröðun bóka. Bókasafns-fræðingar leiðbeina notendum við heimildaöflun vegna verkefna og ritgerða, hvort heldur sem er í safnkosti safnsins, í gagnagrunnum eða á Internetinu.

Bókasafnið á um 11 þúsund bækur og fjölda tímarita. Flestar kennslubækur sem kenndar eru í skólanum eru til á bókasafninu. Þær eru eingöngu til notkunar á bókasafninu og í kennslustofum. Einnig er á safninu fjöldi orðabóka, myndbönd, geisladiskar, hljóðbækur, DVD diskar og úrklippusafn. Bækur og önnur safngögn eru skráð í bókasafnskerfið Gegni. Þar er hægt að sjá hvaða bækur eru til á bókasafni MH og þar kemur fram hvort þær eru í útláni eða í hillu. Almennur útlánatími er 14 dagar nema á því efni sem sérstakar reglur gilda um s.s. kjörbækur og DVD myndir sem lánað eru til styttri tíma.

Á bókasafninu eru 15 borðtölvur og 22 fartölvur sem nemendur geta fengið lánaðar innan bókasafnsins. Einnig er þar að finna prentara, ljósritunarvél og skanna. Allir nemendur fá 100 blöð í prentkvóta á hverrri önn en hægt er að kaupa viðbótarkvóta eftir þörfum. Þeir nemendur sem eru að vinna að verkefnum sem tengjast námi við skólann hafa forgang í vinnuaðstöðu og tölvur safnsins.

Ásdís H. Hafstað, forstöðumaður

Náms- og starfsráðgjöf í MH

Í Menntaskólanum við Hamrahlíð starfa þrír náms- og starfsráðgjafar: Björg Kristjánsdóttir *bjorgk@mh.is*, Gunnhildur Gunnarsdóttir *gug@mh.is* og Sigríður Birna Bragadóttir *sbb@mh.is*. Hægt er að leita til náms- og starfsráðgjafa með málefni sem snerta nám eða persónuleg mál. Til dæmis með aðstoð við að skipuleggja nám, ráðgjöf vegna vals á námi og/eða starfi eða vegna sérstakra námsörðugleika og prófkvíða. Þá er veitt aðstoð vegna áfalla svo og ef nemandi á við langvarandi veikindi að stríða.

Nemendur og forráðamenn þeirra geta hitt náms- og starfsráðgjafa í opnum viðtalstímum eða pantað viðtal með því að hringja á símatíma. Símatímar náms- og starfsráðgjafa eru mánudaga, þriðjudaga miðvikudaga og föstudaga frá kl. 9:00-09:30 og 11:30-12:00, einnig þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 15:00-15:30.

Við MH starfar einnig hjúkrunarfræðingur Áshildur Arnarsdóttir *ashildur@mh.is*. Viðtalstímar hennar eru mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 9:30-12:30.

Virðing

Öll viljum við að borin sé virðing fyrir okkur. Að sama skapi þurfum við að sýna öðrum virðingu. Í samfélagi þarf að ríkja skilningur á þessum grundvallaratriðum og í samfélagi þarf að virða þessi sjálfsögðu gildi.

MH er samfélag um 1500 ólíkra einstaklinga sem hafa þó með einum eða öðrum hætti ákveðið að hrærast í því samfélagi sem þar þrífst um lengri eða skemmri tíma. Sem betur fer laðar samfélagið MH að sér nokkur hundruð nýja nemendur á hverju ári. Margir þeirra nefna einmitt að virðing fyrir hverjum og einum hafi ráðið úrslitum á vali á samfélagi sem ætlunin er að lifa og hrærast í næstu fjögur árin eða svo.

Það er því mikilvægt að sú von nýnema verði ekki að engu. Okkur ber skylda til að virða þá sjálfsögðu kröfu að borin sé virðing fyrir hverjum og einum. Þetta þurfum við öll að hafa í huga, stjórnendur, kennarar, aðrir starfsmenn, foreldrar, eldri nemendur og nýnemar. Óhætt er að fullyrða að það læra börnin sem fyrir þeim er haft og þess vegna er ábyrgð þeirra sem eldri eru mikil. Ef við sýnum hvert öðru ekki virðingu er varla við því að búast að þeir sem yngri eru sýni okkur eða jafnöldrum sínum virðingu.

Virðingarleysi getur birst í mörgum myndum. Sem dæmi má nefna mismunun fólks eftir kynhneigð, trúarskoðunum eða kyni. Mismunun er bönnuð samkvæmt lögum en samt virðist hún þrífast víða óáreitt. Ábyrgð okkar kennara sem stöndum frammi fyrir nemendum liðlangan daginn er mikil. Okkur ber að gæta þess að allir fái notið sín og að engum sé misboðið eða mismunað í þeim kennslustundum sem við stjórnum. Stjórnendur bera ábyrgð á því að kennurum, öðru starsfólki og nemendum sé ekki mismunað eða misboðið.

Nemendur bera ábyrgð á því að nemendum sé ekki mismunað eða misboðið í því starfi sem þeir stjórna. Og öll þurfum við að vanda okkur og öll þurfum við að líta í eign barm og spyrja okkur hvort við öxlum þá ábyrgð sem við berum.

Jöfn tækifæri kvenna og karla, stelpna og stráka hafa verið nokkuð í umræðunni. Þann 25. ágúst gaf menntamálaráðuneytið út *Kynungabók*, upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja. Sú bók er ætluð fólki á aldrinum 15-25 ára. Í henni er meðal annars fjallað um áhrifamátt fjölmiðla. Í *Kynungabók* segir: „Fjölmiðlar hafa mótandi áhrif á hegðun, skoðanir og viðhorf og hvernig fólk skilur stöðu sína í samfélaginu og samfélagið sjálft. Þeir hafa áhrif á það sem telst markverðast hverju sinni“ (*Kynungabók* 2010:23). Fjölmiðill sem birtir efni þar sem talað er um annað eða bæði kynin á virðingarlausan eða niðrandi hátt eða sýnir annað eða bæði kynin á niðrandi hátt hefur áhrif á það hvernig fólk upplifir stöðu sína í samfélaginu. Áhrifin verða, hvort heldur sem fjölmiðillinn er meðvitaður um virðingarleysið eða ekki. Það fylgir því ábyrgð að gefa út fjölmiðil og það fylgir því ábyrgð að vera fyrirmynd.

Ég hvet alla foreldra til að benda börnum sínum á *Kynungabók* og lesa hana með þeim og ræða efni hennar. Ég er sannfærð um að efni bókarinnar hristir upp í mörgum og vekur til umhugsunar um sjálfa sig og umhverfi sitt. Ég er líka sannfærð um að lesturinn mun leiða til aukinnar virðingar okkar gagnvart öðrum og okkur sjálfum.

Halldóra Björt Ewen, fulltrúi í jafnréttisnefnd

